

Ed.

231. Tillaga

til þingsályktunar um sparnað við starfrækslu ríkisrekstrarins.

Frá fjárveitinganefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til rækilegrar yfirvegunar, hversu spara megi útgjöld ríkissjóðs við starfrækslu í hinum ýmsu greinum ríkisrekstrarins, svo sem í nmboðs- og dómsmálum, heilbrigðismálum, kirkju- og kenslumálum og samgöngumálum. Telur deildin æskilegt, að stjórnin neyti til þessa aðstoðar nefndar eða nefnda, og væntir hún, að það geti orðið án nokkurs verulegs kostnaðar fyrir ríkissjóð.